

ENDURRIT ÚR GERÐABÓK

SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Föstudaginn 27. apríl 2012, kl. 9:00, er af Sigríði Eysteinsdóttur, deildarstjóra hjá sýslumanninum í Reykjavík, tekin fyrir á skrifstofu sýslumanns að Skógarhlíð 6, Reykjavík:

Lögbannsgerð nr. L-12/2012

Gerðarbeiðandi: Hagsmunasamtök heimilanna, kt. 520209-2120
Frakkastíg 7, Reykjavík
og
Talsmaður neytenda, kt. 410705-1330
Höfðatorgi, Borgartúni 21, Reykjavík

Gerðarþoli: Landsbankinn hf., kt. 471008-0280
Austurstræti 11, Reykjavík

Fyrir gerðarbeiðendur eru mættir Þórður Heimir Sveinsson, hdl. og Andrea Jóhanna Ólafsdóttir, stjórnarformaður Hagsmunasamtaka heimilanna.
Fyrir gerðarþola er mættur Hrannar Jónsson, hdl.

Gögn málsins nr. 1 - 20 liggja frammi og eru mættum kunn.

Gerðin var síðast tekin fyrir þann 25. apríl sl. og þá frestað til dagsins í dag til kynningar á ákvörðun sýslumanns um fyrirbyggjandi lögbannsbeiðni.

Ákvörðun sýslumanns:

Skv. framlagðri lögbannsbeiðni krefjast gerðarbeiðendur þess að lagt verði lögbann við „að senda út og innheimta greiðsluseðla sem tilkomnir eru vegna veðskuldabréfa eða skuldabréfa sem eru gengistryggð í erlendri mynt eða hafa verið gengistryggð í erlendri mynt en eru nú [i] íslendum krónum og hvíla á fasteign eða lausafé og veitt hafa verið neytendum, frá og með lögbanni sýslumanns“.

Lögbannsbeiðnin er sett fram á grundvelli 1. og 3. gr. laga nr. 141/2001 um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, sbr. auglýsingu nr. 1320/2011 um tilnefningu stjórnvalda og samtaka sem rétt hafa til lögbannsaðgerða í þágu heildarhagsmuna neytenda. Gerðarbeiðendur halda því fram að háttsemin sem krafist er lögbanns við stríði gegn þeim tilskipunum sem taldar er upp í 1., 3. og 7. tl. 1. gr. laga nr. 141/2001, eins og þær hafa verið innleiddar í íslensk lög.

Skv. beiðninni er ástæða þess að lögbannskrafan er sett fram „sú mikla óvissa sem framundan er og verið hefur, hvað varðar réttan endurútreikning ólögðra gengistryggðra lána eða lána sem hafa verið gengistryggð en verið breytt í íslenskar krónur.“ Heldur gerðarbeiðandi því fram að útreikningar greiðsluseðla sem sendir hafa verið m.a. í kjölfar Hæstaréttardóms 471/2010, laga nr. 151/2010 og Hæstaréttardóms nr. 600/2011 séu allir rangir og í öllum tilfellum of háir. Innheimta skv. greiðsluseðlum gerðarþola sé því ólögð og teljist til óréttmætra viðskiptahátta. Telja gerðarbeiðendur að lögbannsbeiðnin uppfylli skilyrði 1. gr. laga nr. 141/2001 og 24. gr. laga nr. 31/1990, sbr. nánar rökstuðning í lögbannsbeiðni og önnur framlögð gögn gerðarbeiðenda.



Gerðarþoli hefur krafist þess að kröfum gerðarbeiðenda um lögbann verði hafnað. Gerðarþoli hafnar því m.a. að gerðarbeiðendur geti byggt aðild að lögbannsmáli innanlands á grundvelli laga nr. 141/2001, heldur verði íslensk félagasamtök að byggja á lögum nr. 31/1990. Ljóst sé að gerðarbeiðendur hafi ekki sýnt fram á að þeir hafi lögvarða hagsmuni í málinu og geti því ekki byggt aðild sína á þeim lögum. Þá telur gerðarþoli að gerðarbeiðendur hafi ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að um sé að ræða háttsemi sem stríði gegn þeim tilskipunum sem taldar eru upp í 1., 3. og 7. tl. 1. gr. laga nr. 141/2001. Þá sé krafa gerðarbeiðenda um lögbann við útsendingu greiðsluseðla vegna ótilgreindra lána mun víðtækari en fyrrnefndar tilskipanir gefi kost á, þannig séu ekki tilgreind þau lán sem um ræðir heldur vísað til allra lána sem innihalda eða hafa innihaldið ákvæði um gengistryggingu við erlenda mynt. Telur gerðarþoli ljóst að öll slík lán sem lántakendur hafa tekið hjá gerðarþola falli ekki undir fyrrgreindar tilskipanir. Þá leiki mikill vafi á því hvaða lán teljist vera gengistryggð og hver teljist lögmæt erlend lán. Þá hafi útsending greiðsluseðla engin áhrif á samningsskyldu lántakenda að greiða af lánnum sínum. Einnig liggja fyrir að gerðarþoli muni bíða með lögfræðisinnheimtu vegna viðkomandi lána þar til ljóst er hvort og hvaða lán þurfi að endurreikna á nýjan leik. Gerðarþoli tekur undir með gerðarbeiðendum að óvissa ríki um þessi mál sem renni stoðum undir kröfu gerðarþola um að kröfu gerðarbeiðenda verði hafnað enda séu hagsmunir neytenda í þessu máli óljósir. Þá heldur gerðarþoli því fram að áhrif dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 séu takmörkuð og varði alls ekki heildarhagsmuni neytenda. Þá mótmælir gerðarþoli fullyrðingum gerðarbeiðenda um óréttmæta viðskiptahætti. Gerðarþoli hafnar því að lögbannsbeiðnin uppfylli skilyrði laga nr. 141/2001 og 24. gr. laga nr. 31/1990 og telur beiðnina heldur ekki standast ákvæði einkamálalaga nr. 91/1991, sbr. nánar rökstuðning í framlögðum gögnum gerðarþola.

Gerðarbeiðendur hafa lagt fram tryggingu kr. 2.000.000. sem sýslumaður telur fullnægjandi skv. 16. gr. laga nr. 31/1990.

Skv. 1. gr. laga nr. 141/2001 geta stjórnvöld eða samtök, sem um ræðir í 2. og 3. gr. laganna leitað lögbanns eða höfðað dómsmál skv. 4. gr. til að vernda hagsmuni neytenda þótt hvorki þau sjálf né félagsmenn í samtökum hafi orðið fyrir röskun réttinda, enda snúi beiðni um aðgerðirnar að því að stöðva eða koma á annan hátt í veg fyrir háttsemi sem hefur afleiðingar hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og þykir stríða gegn nánar tilgreindum tilskipunum sem þar gilda, eins og þær hafa verið leiddar inn í íslensk lög.


Í 4. gr. laga nr. 141/2001 kemur m.a. fram að um lögbannsbeiðni, meðferð hennar, lögbannið sjálft, áhrif þess og höfðun máls til að fá það staðfest gilda almennar reglur að öðru leyti en því að gerðarbeiðandi getur að fengnu lögbanni krafist þess að sýslumaður láti birta auglýsingu um það svo að komið verði í veg fyrir að áfram gæti afleiðinga af háttseminni sem lögbann var lagt við.

Gerðarbeiðendur byggja aðild sína að lögbannsmálinu á auglýsingu nr. 1320/2011, útg. 14. desember 2011, um tilnefningu stjórnvalda og samtaka sem rétt hafa til að leita lögbanns eða höfða dómsmál í samræmi við heimildir laga nr. 141/2001. Skv. auglýsingunni hefur talsmaður neytenda verið tilnefndur af innanríkisráðherra sem stjórnvald sem hefur slíka heimild og Hagsmunasamtök heimilanna sem samtök sem hafa slíka heimild, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 141/2001. Verður því ekki annað séð en að aðilar þessir geti verið aðilar að lögbannsmáli á grundvelli laga nr. 141/2001.

Af athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 141/2001 má ráða að meginmarkmið með setningu laganna hafi verið að styrkja framkvæmd laga þegar um viðskipti yfir landamæri á Evrópska efnahagssvæðinu er að ræða. Hins vegar er orðalag laganna sjálfra ekki afdráttarlaust hvað þetta varðar og verður ekki talið að þau útiloki að íslensk stjórnvöld eða samtök tilnefnd skv. 2. mgr. 3. gr. geti leitað lögbanns hér á landi við athöfnum innlendra aðila.

Skv. 1. gr. laga nr. 141/2001 er aðild gerðarbeiðanda takmörkuð við aðgerðir til "að stöðva eða koma á annan hátt í veg fyrir háttsemi sem hefur afleiðingar hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og þykir stríða gegn nánar tilgreindum tilskipunum sem þar gilda, eins og þær hafa verið leiddar inn í íslensk lög." Skv. því eru skilyrði lögbanns á grundvelli laga nr. 141/2001 önnur og ólík skilyrðum fyrir lögbanni samkvæmt 24. gr. laga nr. 31/1990.

Þótt gerðarbeiðendur hafi leitast við að afmarka kröfu sína um lögbann við veðskuldabréf og skuldabréf sem eru „gengistryggð í erlendri mynt eða hafa verið gengistryggð í erlendri mynt en eru nú [í] íslendum krónum og hvíla á fasteign eða lausafé og veitt hafa verið neytendum“ er ljóst að skilmálar bréfa sem falla undir þá lýsingu geta verið misjafnir og margvíslegir að öðru leyti. Þykja gerðarbeiðendur því ekki hafa afmarkað kröfu sína nægilega þannig að ótvírætt sé til hvaða skuldabréfa lögbannsbeiðnin tekur. Beiðnin um lögbann þykir þannig of víðtæk og óákveðin til að taka megi hana til greina. Þá verður heldur ekki talið að sýnt hafi verið fram á afleiðingar þeirrar háttsemi sem krafist er lögbanns við. Gerðarþoli hefur lýst yfir að ekki verði



um innheimtuaðgerðir að ræða á meðan beðið er niðurstöðu um stöðu lánanna, sbr. einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2012, sem lögð var fram í málinu, sem heimilar fjármálafyrirtækjum afmarkað samstarf í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011, með því skilyrði m.a. að fjármálafyrirtækin fresti fullnustuaðgerðum vegna krafna sem ljóst er að falli undir dóm Hæstaréttar, meðan á samstarfinu stendur.

Með vísan til framanritaðs, framlagðra gagna og þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið í máli þessu er það mat sýslumannsins í Reykjavík að ekki séu skilyrði til að leggja á lögþann, hvorki samkvæmt lögum nr. 141/2001 né samkvæmt 24. gr. laga nr. 31/1990. Kröfu gerðarbeiðenda um lögþann er því hafnað.

Mættum er kynnt efni þessarar bókunar sem ekki eru gerðar athugasemdir við.

Þannig fram farið

Sigríður Eysteinsdóttir (sign)
Þórður Heimir Sveinsson, hdl., (sign)
Andrea Jóhanna Ólafsdóttir (sign)
Hrannar Jónsson, hdl. (sign)

Rétt endurrit staðfestir
Sýslumaðurinn í Reykjavík, 27. apríl 2012

